



SIGLINGAMÁLASTOFNUN RÍKISINS

DIRECTORATE OF SHIPPING

Hringbraut 121 Pósthólf 7200 127 Reykjavík
Sími: 552.58.44 Fax: 552.98.35
Banki: Landsbanki Íslands 101-26-9217

Hringbraut 121 P.O. Box 7200 127 Reykjavík Iceland
Tel: +354 552.58.44 Fax: +354-552.98.35
Bank Account: Code: 101 Acc.No.: 26-9217

Nefndadeild Alþingis,
b.t. Hafdísar Ólafsdóttur,
nefndarritara samgöngunefndar,
Þórshamri v. Templarasund
150 Reykjavík

Alþingi

Erindi nr. 120 / 723

komudagur 24 / 1 19 96

Tilv. yðar
Your ref.

Tilv. vor
Our ref. 01

Dags.
Date 22.01.1996

Málefni: **Umsögn um frumvarp til laga um köfun, 148. mál.**

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis þann 7. desember 1995 um ofangreint málefni. Siglingamálastofnun leggur til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á frumvarpinu:

1. gr.

Í stað núverandi orðalags í 1. mgr., 1. gr. komi:

„Lög þessi gilda um alla köfun í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land.“

Tilgangur með þessari tillögu er að kveða skírt á um gildissvið laganna. Óþarfi er að tilgreina skilyrði fyrir atvinnuköfun í þessari grein þar sem þau er þegar að finna í 3. gr.

2. gr.

Eftirfarandi verði bætt við síðustu mgr. í 2. gr.:

„og viðheldur lífi kafara (life supporting equipment)“.

3. gr.

Í stað núverandi orðalags orðist 2. og 3. tl., 3. gr. á eftirfarandi hátt:

„2. standast með fullnægjandi hætti heilbrigðiskröfur skv. reglum sem ráðherra setur,

3. uppfylla menntunar- og hæfniskröfur skv. reglum sem ráðherra setur,“

4. gr.

Í stað núverandi orðalags í 2. mgr., 4. gr. komi:

„Samgönguráðherra setur reglur um gildistíma kafaraskírteina.“

Ástæðulaust er að binda gildistíma kafaraskírteina í lögum.

Í stað orðanna „atvinnuréttindi“ og „atvinnuskírteina“ í 3. og 4. mgr., 4. gr. komi orðin „réttindi“ og „skírteina“. Ástæða þessarar tillögu er að í 3. gr. eru gerðar kröfur til þeirra sem stunda áhugaköfun. Eðlilegt er að áhugakafarar fái skírteini til staðfestingar því að þeir uppfylli viðeigandi kröfur.

5. gr.

Eftirfarandi verði bætt við síðustu mgr. í 5. gr.: „og á að handa honum við“.

Hér er kveðið á um að kafari skuli annast viðhald köfunarbúnaðar.

7. gr.

Á undan núverandi orðalagi í 1. mgr., 7. gr. komi eftirfarandi:

„Slys eða óhöpp við köfun skal tilkynna þegar í stað til lögreglu.“


Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu tapast rannsóknargögn í köfunarslysum mjög fljótt. Þess vegna er mjög brýnt að slys eða óhapp sé tilkynnt þegar í stað.

Að í stað síðustu mgr. í 7. gr. komi eftirfarandi:

„Í þessu skini skal ráðherra tilnefna menn með sérþekkingu á sviði köfunar.“

Ástæður þessarar tillögu er að finna í athugasemdum sem fylgja frumvarpinu og þarfnast ekki frekari skýringa.

F.h. Siglingamálastofnunar ríkisins,



Benedikt E. Guðmundsson
siglingamálastjóri

Afrit: Samgönguráðuneytið